

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 25. júní 2024.

Mál nr. 456/2024:

**Markús Sigurðsson,**

**Ragnar Sigurðsson,**

**Styrmir Sigurðsson,**

**Fjöl ehf.,**

**Gréta Elín Sörensen,**

**Sína Þorleif Þórðardóttir,**

**Leifur Sörensen,**

**Birgir Sörensen og**

**Straumsbúið sf.**

(Alexander Hafþórsson lögmaður)

**gegn**

**Vegagerðinni**

(Einar Farestveit lögmaður)

**Lykilorð**

Kærumál. Þinglýsing. Frávísun.

**Útdráttur**

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem felld var úr gildi ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um að visa frá þinglýsingu eignayfirlýsingu V um landspildu í landi Ó og lagt fyrir hann að þinglýsa skjalinu. Í úrskurði Landsréttar kom fram að eftir að hinn kærði úrskurður var kveðinn upp hafi eignayfirlýsing V verið send sýslumanni aftur til þinglýsingar og hún dagbókarfærð í þinglýsingabók og þinglýst tilgreindan dag. Væri V því skráður eigandi landspildunnar í þinglýsingabók. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 þurfi sá sem kærir úrskurð héraðsdómara í þinglýsingarmáli að hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefði tekið nýja ákvörðun um að þinglýsa eignayfirlýsingu V og af þeim sökum hafi sóknaraðilar ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um gildi fyrri ákvörðunar sýslumanns, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Var málinu því vísað frá Landsrétti.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Arnfríður Einarsdóttir og Jóhannes Sigurðsson og Kjartan Bjarni Björgvinsson settur landsréttardómari kveða upp úrskurð í máli þessu.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 28. maí 2024. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 6. júní 2024. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness

15. maí 2024 í málinu nr. T-659/2024 þar sem felld var úr gildi ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 5. janúar 2024 um að vísa frá þinglýsingu eignayfirlýsingu varnaraðila 20. desember 2023, er varðar landspildu í landi Óttarsstaða, L235756 og F2527490, 119.243 fermetrar að stærð, skjal 441-A-011350/2023, og lagt fyrir hann að þinglýsa skjalinu. Kæruheimild er 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

- 2 Sóknaðilar krefjast þess að kröfum varnaraðila verði hafnað og staðfest ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um að vísa frá þinglýsingu fyrrgreindri eignayfirlýsingu varnaraðila. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaðila verði vísað frá dómi en til vara að hinn kærdi úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

### **Niðurstaða**

- 4 Málsatvikum og málsástæðum aðila er lýst í hinum kærða úrskurði. Svo sem þar er rakið eru sóknaðilar sameigendur að jörðinni Óttarstöðum, L235756 og F2527490, í Hafnarfirði. Varnaraðili tilkynnti sóknaðilum með bréfi 9. ágúst 2022 að 119,243 fermetra vegsvæði í landi Óttarsstaða hefði verið tekið eignarnámi samkvæmt heimild í 37. gr. vegalaga nr. 80/2007 vegna stækkunar Reykjanesbrautar. Var matsnefnd eignarnámsbóta falið að meta bætur vegna eignarnámsins og liggur fyrir úrskurður hennar 2. mars 2023 í máli nr. 2/2022. Í matsgerðinni er lýst ágreiningi málsaðila um stærð matsandlagsins en fram kemur að varnaraðili taldi sér til eignar 17,070 fermetra vegsvæði sem nú er undir eldri vegi og hefur verið í nýtingu Vegagerðarinnar frá árinu 1960. Krafðist varnaraðili þess að umþrætt spilda yrði dregin frá stærð matsandlagsins við útreikning eignarnámsbóta. Matsnefndin féllst á röksemdir varnaraðila og var bótafjárhæðin miðuð við 102,173 fermetra af landi.
- 5 Er varnaraðili óskaði eftir þinglýsingu á eignarheimild sinni mótmæltu sóknaðilar þeirri ráðagerð og byggðu á því að varnaraðila skorti formlega eignarheimild fyrir þeim 17,070 fermetra hluta landsvæðisins sem varnaraðili krafðist þinglýsingar á þar sem matsnefnd eignarnámsbóta hefði aðeins metið bætur fyrir 102,173 fermetra. Töldu sóknaðilar varnaraðila þurfa að höfða einkamál til að fá viðurkenndan rétt sinn til þessa 17.070 fermetra hluta landspildunnar sem tekinn var eignarnámi. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu féllst á þessar röksemdir sóknaðila og vísaði skjalinu frá þinglýsingu.
- 6 Í hinum kærða úrskurði er rakið að þótt ekki nyti við þinglýstrar eignarheimildar fyrir umþrætta 17,070 fermetra væri ljóst að við nýtingu og umráð vegsvæðisins hefði eignarrétturinn á spildunni færst yfir til varnaraðila. Fram kom að líta yrði svo á að umþrætt landspilda sem varnaraðili fékk umráð yfir á árinu 1960 væri í eigu varnaraðila og breytti þar engu um hvort eignarnámsbætur hefðu verið greiddar fyrir

hana á sínum tíma eða ekki. Var ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu því felld úr gildi og lagt fyrir hann að þinglýsa eignayfirlýsingu varnaraðila.

- 7 Eftir að hinn kærði úrskurður var kveðinn upp var eignayfirlýsing varnaraðila um spildu úr landi Óttarstaða, L235756 og F2527490, send sýslumanni aftur til þinglýsingar og var hún dagbókarfærð í þinglýsingabók 22. maí 2024 og þinglýst 27. sama mánaðar. Er varnaraðili því skráður eigandi landspildunnar í þinglýsingabók.
- 8 Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 hefur hver sem á lögvarinna hagsmuna að gæta heimild til að bera úrlausn þinglýsingarstjóra um þinglýsingu samkvæmt lögnum undir héraðsdómara í lögsagnarumdæmi þinglýsingarstjóra. Samkvæmt 5. mgr. sömu greinar fer um kæru til Landsréttar eftir almennum reglum um kæru í einkamáli. Af því leiðir að sá sem kærir úrskurð héraðsdómara í þinglýsingarmáli þarf að hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins, sbr. dóm Hæstaréttar 30. september 2014 í máli nr. 560/2014.
- 9 Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið nýja ákvörðun um að þinglýsa eignayfirlýsingu varnaraðila á hinu umdeilda landi. Af þessum sökum hafa sóknaraðilar ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um gildi fyrri ákvörðunar sýslumannsins frá 5. janúar 2024, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður málinu því vísað frá Landsrétti.
- 10 Eftir atvikum þykir rétt að kærumálskostnaður falli niður.

### **Úrskurðarorð:**

Máli þessu er vísað frá Landsrétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 15. maí 2024**

Með bréfi 13. mars 2024, mótteknu í Héraðsdómi Reykjaness þann sama dag, bar sóknaraðili úrlausn Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um frávisun skjals frá þinglýsingu undir Héraðsdóm Reykjaness með vísan til 3. gr. þinglýsingalaga.

Sóknaraðili er Vegagerðin, kt. [...].

Krefst sóknaraðili þess:

Að felld verði úr gildi ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 20. desember 2023, fyrir 119.243 fm spildu úr landi Óttarsstaða, með staðfanginu „Óttarsstaðir vegstæði“, L235756 og F2527490, fyrir land undir vegsvæði Reykjanesbrautar, skjal með þinglýsingarnúmeri [...].

Að Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu verði gert skylt að færa í þinglýsingabók eignayfirlýsingu sóknaraðila, dags. 20. desember 2023, fyrir 119.243 fm spildu úr landi Óttarsstaða, með staðfanginu „Óttarsstaðir vegstæði“, L235756 og F2527490, fyrir land undir vegsvæði Reykjanesbrautar.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðila sér að skaðlausu, samkvæmt mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðu málskostnaðaryfirliti.

Varnaraðilar eru Markús Sigurðsson, kt. [...], [...], Ragnar Sigurðsson, kt. [...], [...] Reykjavík, Styrmir Sigurðsson, kt. [...], [...], Fjöl ehf., kt. [...], [...], Gréta Elín Sörensen, kt. [...], Bragagötu [...], Sína

Þorleif Þórðardóttir, kt. [...], [...], Leifur Sörensen, [...], [...], Birgir Sörensen, kt. [...], [...], og Straumsbúið sf., [...], [...].

Varnaraðilar krefjast þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að ákvörðun sýslumanns verði staðfest.

Sýslumaðurinn lét málið ekki til sín taka en lagði fram athugasemdir, sbr. 3. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Fór munnlegur málflutningur fram þann 6. maí sl. og var málið tekið til úrskurðar að honum loknum.

#### Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins eru varnaraðilar sameigendur að jörðinni Óttarsstöðum, L235756 og F2527490 í Hafnarfirði. Í gegnum það land liggur núverandi Reykjanesbraut í sama vegstæði og það hefur gert allt frá árinu 1960. Eins og kemur fram í kröfubréfi sóknaraðila hóf hann undirbúning við fyrirhugaðar framkvæmdir við Reykjanesbraut til að breikka veginn í 2+2 aðskildar akreinar, breyta mislægum vegamótum, útbúa vegtengingar, byggja undirgöng og bæta við eftirlitsstöðum fyrir umferðareftirlit.

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda var sóknaraðila nauðsyn að fá eignarráð yfir spildum undir veg í landi jarða á svæðinu, þ.m.t. spildu úr landi Óttarsstaða, enda nauðsyn vegna fyrirhugaðra framkvæmda sóknaraðila, sbr. heimild í VII. kafla vegalaga nr. 80/2007.

Stóð kynningar- og samningsferli við landeigendur yfir frá desember 2021 til miðs árs 2022. Þegar leið á árið 2022 varð ljóst að samkomulag um kaup á nauðsynlegu landi undir veg tækist ekki og var sóknaraðila nauðsyn að taka spildu undir vegsvæði eignarnámi.

Úrskurður matsnefndar eignarnámsbóta í máli nr. 2/2022 lá fyrir þann 2. mars 2023. Kemur fram í úrskurðinum að ágreiningur hafi verið uppi um stærð matsandlagsins. Eignarnemi taldi sig þegar eiga eldra vegstæði sem nær yfir 17.070 fm og krafðist mats á bótum fyrir 102.173 fm landspildu sem nú var tekin eignarnámi til viðbótar og voru hæfilegar bætur þannig ákvarðaðar 35.685 krónur fyrir 102.173 fm spildu.

Með bréfi sóknaraðila þann 9. ágúst 2022 tilkynnti hann lögmanni varnaraðila um að ákveðið hefði verið að taka 119.243 fm lands úr landi Óttarsstaða undir veg á grundvelli heimildar í 37. gr. vegalaga nr. 80/2007 til að tryggja framgang framkvæmda og eignarhald sitt yfir vegsvæðinu. Var ákvörðun þessi kæránleg til innviðaráðherra á grundvelli 57. gr. vegalaga. Var þessari niðurstöðu unað.

Sóknaraðili vísaði ágreiningi um eignarnámsbætur til matsnefndar eignarnámsbóta þann 10. maí 2022 og lá úrskurður nefndarinnar fyrir þann 2. mars 2023.

Í kjölfar úrskurðar matsnefndar eignarnámsbóta útbjó sóknaraðili eignayfirlýsingu, dags. 31. maí 2023, og lagði inn til þinglýsingar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Var skjalinu frávísað 7. desember s.á. með vísan til 1. másl. 2. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Í framhaldi útbjó sóknaraðili nýja eignayfirlýsingu, dags. 20. desember 2023. Var því skjali vísað frá þinglýsingu þann 5. janúar 2024 með vísan til sama lagaákvæðis. Þeirri ákvörðun vísaði sóknaraðili til dómsins og er til úrlausnar eftir munnlegan málflutning þann 6. maí sl.

#### Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að engar forsendur hafi verið til frávísunar skjalsins frá þinglýsingu en vegstæði úr landi Óttarsstaða, L235756 og F2527490, sem tekið var eignarnámi hafi verið stofnað í fasteignaskrá, enda liggja fyrir fullnægjandi eignarheimild og því beri að þinglýsa skjalinu. Frávísun sýslumanns byggðist á 1. másl. 2. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Sóknaraðili hafnar því alfarið enda liggja fyrir eignarnámsákvörðun sem sé fullnægjandi eignarheimild, sbr. 24., 25. og 3. mgr. 51. gr. þinglýsingalaga.

#### Eignarnám sóknaraðila:

Sóknaraðili kveður frávísun sýslumannsins vera á því reista að sóknaraðili hafi ekki lagt fram eignarheimild fyrir eldra vegsvæði í landi Óttarsstaða, að stærð 17.070 fm, þ.e.a.s. flatarmáli lands núverandi vegsvæðis. Hafi sýslumaðurinn því ekki talið unnt að fallast á kröfu sóknaraðila. Vísaði sýslumaðurinn til 1. másl. 2. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga, máli sínu til stuðnings, sem kveði á um að vísa skuli skjali frá þinglýsingu ef útgefanda þess brestir heimild til eignar á þann veg er skjalið greini.

Sóknaraðili telur þessa afstöðu sýslumannsins ekki uppfylla lagaskilyrði og vera í ósamræmi við gögn málsins, úrskurða- og dómaframkvæmd.

Í vegalögum nr. 80/2007 sé að finna ótvíræða eignarnámsheimild Vegagerðarinnar, sbr. 37. gr. laganna, sbr. og 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944. Á þeim grundvelli hafi sóknaraðili tekið eignarnámi spildu undir veg í landi Óttarsstaða (sem var síðar skráð í fasteignaskrá sem Óttarsstaðir vegstæði með skráningarnúmer L235756 og F2527490), hinn 9. ágúst 2022. Í eignarnámsákvörðun felist stjórnvaldsákvörðun um nauðsynlega skerðingu eignarréttinda varnaraðila. Ekki hafi verið sérstakur ágreiningur um eignarnámsákvörðunina sem slíka enda hafi hún ekki verið kærð til innviðaráðherra á grundvelli kæruheimildar 57. gr. vegalaga og ákvörðunin því endanleg á stjórnarsýslustigi. Líti sóknaraðili svo á að ákvörðunin ein og sér feli í sér fullgilda eignarheimild. Þar sem eignarhald núverandi vegar hafi verið á höndum sóknaraðila um áratugaskeið hafi einungis farið fram mat á eignarnámsbótum fyrir það svæði sem var raunveruleg eign varnaraðila og fengu varnaraðilar því fullar bætur fyrir sína eign. Óumdeilt sé að þær bætur hafi verið greiddar að fullu.

Með vísan til ákvörðunar sóknaraðila um eignarnám á 119.243 fm spildu undir veg í landi Óttarsstaða hafi sýslumanninum því borið að fallast á kröfu sóknaraðila um þinglýsingu, dags. 20. desember 2023. Var þar tekið eignarnámi 119.243 fm land undir veg úr landi Óttarsstaða, sem nú sé skráð sem Óttarsstaðir vegstæði, L235756 og F2527490, en matsnefnd hafi verið falið að meta verðmæti landsins að frátöldu landi sem sé eign Vegagerðarinnar, samtals 17.070 fm, sem sé undir núverandi vegi. Eignarnámsákvörðun á grundvelli laga sé fullnægjandi eignarheimild í skilningi 24. og 25. gr. þinglýsingalaga.

*Núverandi vegsvæði er eign Vegagerðarinnar:*

Skylda til að þinglýsa eignarheimild fyrir vegsvæði hafi fyrst komið inn í vegalög árið 2007, með gildistöku laga nr. 80/2007. Samkvæmt því ákvæði sé Vegagerðinni nú skylt að þinglýsa eignarheimild sinni að vegsvæði, sbr. 3. mgr. 40. gr. vegalaga, en slíka kröfu hafi ekki áður verið að finna í lögum. Af þeirri ástæðu hafi fyrra vegsvæði aldrei verið þinglýst, þótt um sé að ræða ótvíræða eign sóknaraðila.

Reykjanesbraut hafi legið í núverandi vegstæði um áratugaskeið, eða frá um 1960, þegar vegurinn var steiptur. Sóknaraðili hafi annast veghald, endurbætur og rekstur allt frá þeim tíma og innheimti á tímabili veggjald fyrir afnot af veginum. Varnaraðili hafi á þessum tíma verið útilokaður frá umráðum og hagnýtingu lands undan veginum, án sérstakra athugasemda. Hafi vegurinn því legið í núverandi vegstæði til fjölda ára, allt frá því að hann var lagður. Sóknaraðili hafi þannig farið með eignarráð yfir þessum 17.070 fm í um 60 ár, án nokkurra athugasemda varnaraðila.

Varnaraðilar hafi haldið því fram í samningaviðræðum við sóknaraðila að hann gæti ekki talist eigandi spildu undir núverandi vegsvæði og bæri sóknaraðila því að greiða bætur fyrir eldra vegsvæði. Í kjölfar samningaviðræðna hafi verið tekin ákvörðun um eignarnám, allt í samræmi við lög. Málið snúist því fyrst og fremst um hvort varnaraðilum beri bætur fyrir það land sem tekið var undir núverandi vegsvæði fyrir rúmum 60 árum eða ekki. Það sé ekki hlutverk þinglýsingarstjóra að taka afstöðu til þess hvort greiddar hafi verið fullar bætur fyrir vegsvæðið eða ekki. Ákvörðun sóknaraðila um eignarnám sé fullgild og hafi ekki verið hnekkt. Virðist sýslumaðurinn reisa afstöðu sína á sjónarmiðum varnaraðila, um að þeir séu eigendur núverandi vegsvæðis enda telji þeir sig aldrei fengið greitt fyrir það. Þessum sjónarmiðum hafni sóknaraðili með öllu en leggi jafnframt áherslu á að um sé að ræða úrlausnarefni sem þinglýsingarstjóri sé ekki bær til að leysa úr.

Í fyrsta lagi sé á það bent að eignarheimild sóknaraðila á eldri vegum sé ekki bundin við einhvers konar yfirlýsingu Vegagerðarinnar, líkt og varnaraðilar hafi haldið fram. Eignarréttur ríkisins að eldri vegum grundvallist á vegalögum, hefðalögum og úrskurða- og dómaframkvæmd um eignarrétt ríkisins að eldri vegsvæðum. Vísast þar til dóms Hæstaréttar, H 1980:920, í svonefndum Leirvogstungudómi. Hafi þessar röksemdir einnig komið til skoðunar matsnefndar eignarnámsbóta í máli nr. 2/2011 (Hjarðarhagi), þar sem tekið hafi verið undir þessi sjónarmið sóknaraðila, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 583/2014. Í því máli hafi nefndin staðfest að Vegagerðin teldist eiga eignarrétt á því landi sem var undir þáverandi vegi með vísan til þess að þjóðvegurinn hafði þar legið um áratugaskeið um land eignarnámsþola og að honum hafi verið viðhaldið af almannafé. Sömu sjónarmið hafi átt við þegar tekin var ákvörðun um eignarnám í

máli varnaðila við Óttarsstaði, enda hafi Reykjanesbraut legið um núverandi vegsvæði í áratugi og verið viðhaldið af almannafé. Eignarnámsákvörðun nái til heildarvegsvæðisins skv. hnitsettum uppdrætti sem áritaður hafi verið af matsnefnd eignarnámsbóta og vegsvæðið stofnað í fasteignaskrá á grundvelli þess.

Í *öðru lagi* vísar sóknaraðili til 4. mgr. 39. gr. vegalaga, sem kveði á um að leggist eldri vegur niður við lagningu nýs vegar og falli til landeiganda skuli við matsgerðina meta sérstaklega hið gamla vegsvæði og draga frá upphæð þeirri er landeiganda er metin fyrir eignarnám lands fyrir hinn nýja veg. Sé þessi regla reist á því að Vegagerðin sé eigandi eldra vegsvæðis og því sé skilað, sé nýr vegur lagður yfir annað svæði í landi landeiganda. Þannig fái landeigandi, sem eftir atvikum þarf að þola eignarnám, bætt raunverulegt tjón sitt (nettó-tjón). Geri vegalögin þannig beinlínis ráð fyrir að sóknaraðili, Vegagerðin, sé eigandi eldri vega sem þó skuli skila, færast vegur til í gegnum land. Megi í þessu tilliti sömuleiðis líta til dóms Hæstaréttar, H 1980:920, þar sem Hæstiréttur dró frá matsverði vegar sem lagður var niður, með vísan til þess að eignarhald eldri vegar var á hendi Vegagerðarinnar.

Í *þriðja lagi* vísar sóknaraðili til þess að sömu niðurstöðu, að Vegagerðin sé eigandi núverandi vegar, leiði af sjónarmiðum um hefð. Hafi enda óslitið eignarhald af veginum verið sóknaraðila frá því ári þegar hann var lagður og honum verið viðhaldið af almannafé síðan. Vísast hvað þetta varðar m.a. til laga nr. 46/1905, um hefð.

Í *fjórða lagi* vísar sóknaraðili til sjónarmiða um tómlæti og fyrningu. Fyrir liggir að núverandi Reykjanesbraut var lögð í kringum árið 1960. Hafi þá verið í gildi vegalög nr. 34/1947, sem leyst voru af hólmi með vegalögum nr. 71/1963. Í fyrstnefndu lögnum var fjallað um eignarnámsákvörðanir í IV. kafla laganna en skv. 29. gr. skyldi krefjast skaðabóta, er af vegargerð leiddi, innan árs frá því það var unnið, sem skaðanum olli ella félli réttur til skaðabóta niður. Í síðarnefndu lögnum var um eignarnám fjallað í X. kafla laganna.

Líkt og í vegalögum nr. 34/1947 bar, skv. 63. gr. vegalaga nr. 71/1963, landeigendum að krefjast skaðabóta innan árs frá því, er verk það var unnið sem skaðanum olli, ella félli réttur til skaðabóta niður. Ekkert hafi fram komið við kynningar- og samningsferli um framkvæmd við Reykjanesbraut sem bendi til þess að þáverandi eigendur Óttarsstaða hafi á neinum tímamarki gert kröfur á hendur íslenska ríkinu eða Vegagerðarinnar. Sé því ljóst að kröfur, hafi þær nokkurn tímann verið til staðar, séu fyrndar og fallnar niður fyrir tómlæti. Í öllu falli beri varnaðilar sönnunarbyrði fyrir kröfum sínum.

Af framangreindu leiði að sóknaraðili sé ótvíræður eigandi vegsvæðis undir núverandi vegi í landi Óttarsstaða, samtals 17.070 fm. Sóknaraðili hafi á grundvelli eignarnámsákvörðunar og eftirfarandi mats á eignarnámsbótum tekið umráð hins eignarnumda og greitt úrskurðaðar bætur að fullu, sbr. 13. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Ákvörðun sýslumanns, dags. 5. janúar 2024, um frávisun eignayfirlýsingar sóknaraðila frá þinglýsingu á grundvelli 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga um að sóknaraðila bresti heimild til eignarinnar sé því alfarið röng og beri að fella hana úr gildi.

Vísist hér sömuleiðis til 51. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Komi þar fram að sé stofnað að fullu til réttinda yfir fasteign, fyrir gildistöku laganna (1978), og hefðu réttindi haldið gildi sínu gagnvart þriðja manni án þinglýsingar eftir eldri rétti, séu þau þá einnig gild með sama hætti framvegis. Af ákvæðinu sé ljóst að hafi eignarréttur orðið til á grundvelli gildandi réttar fyrir setningu þinglýsingalaga haldi slík réttindi gildi sínu. Sé sérstaklega vikið að þessu ákvæði í 1. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga. Sú spilda sem um ræði, þ.e. 17.070 fm spilda undir núverandi vegi í landi Óttarsstaða, hafi á grundvelli eldri vegalaga verið eign íslenska ríkisins og haldi það gildi sínu, þó að því hafi ekki sérstaklega verið þinglýst á sínum tíma.

Samkvæmt framangreindu fái ekki staðist afstaða þinglýsingarstjóra til eignayfirlýsingar sóknaraðila enda ekki hlutverk sýslumanns að endurskoða efnislega ákvörðun sóknaraðila um eignarnám og mat matsnefndar eignarnámsbóta á fjárhæð bóta.

*Verksvið matsnefndar um eignarnám:*

Í hinni umþrættu frávisun sýslumanns sé vísað til þess að ekki sé unnt að fallast á að úrskurður matsnefndar eignarnámsbóta, í máli nr. 2/2022, sé fullnægjandi eignarheimild fyrir heildarsvæðinu, þ.e. hinum 119.243 fm. Vísi sýslumaður hér væntanlega til þess að „matsandlagið“ í nefndum úrskurði hafi verið 102.173 fm, þar sem frá flatarmáli hins eignarnumda lands (119.243 fm) hafi verið dregnir 17.070 fermetrar, sem nemi

flatarmáli lands undir núverandi vegi. Tekið skuli fram að úrskurður matsnefndar eignarnámsbóta sé ekki fullgild eignarheimild sem slík og þess vegna sé eignayfirlýsing eignarnema,

Vegagerðarinnar, afhent til þinglýsingar ásamt eignarnámsákvörðun auk úrskurðar nefndarinnar um bætur.

Hvað þetta varði vísist til þess sem að framan sé rakið. Sóknaraðili sé réttmætur eigandi að 17.070 fm spildunnar sem tekin var eignarnámi og því hafi ekki borið að greiða eignarnámsbætur fyrir þann hluta. Hafi þetta allt verið í samræmi við viðtekna framkvæmd og úrskurða- og dómaframkvæmd, sbr. það sem að framan er rakið.

Hér beri einnig að áréttu að hlutverk matsnefndar eignarnámsbóta sé, skv. 2. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms, að skera úr ágreiningi um eignarnámsbætur og annað endurgjald. Þannig komi t.a.m. ekki til skoðunar ákvörðun um eignarnám skv. vegalögum enda þeirri málsmeðferð markaður skýr farvegur í vegalögum og séu slíkar ákvarðanir kærarlegar til innviðaráðherra, sbr. 57. gr. Ákvörðun sóknaraðila um eignarnám standi óhöggðu og hafi varnaraðilar ekki gert sérstakan reka að því að fá henni hnekkt.

Málatilbúnaður varnaraðila fyrir sýslumanni, þar sem þinglýsingu var mótmælt, sé e.t.v. reistur á *obiter dictum* umfjöllun matsnefndar í úrskurði sínum nr. 2/2022, um hina 17.070 fm spildu undir núverandi vegi. Sú umfjöllun hafi hins vegar engin áhrif á þinglýsingu eignarheimildar fyrir hinni útskiptu fasteign, Óttarsstöðum vegstæði, L235756 og F2527490, þ.e. 119.243 fm, enda sé það ekki á hendi matsnefndar eignarnámsbóta að endurskoða ákvörðun sóknaraðila um eignarnám. Sóknaraðili sé sömuleiðis ósammála hugleiðingum matsnefndar eignarnámsbóta enda sé sú umfjöllun í ósamræmi við úrskurðarframkvæmd nefndarinnar og fyrirbyggjandi dómafordæmi. Sóknaraðili vísi hér sömuleiðis til 12. gr. laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms, um heimild matsnefndar eignarnámsbóta til að fara út fyrir eignarnámsákvörðun eignarnema, þ.e. um heimild til að víkka út umfang eignarnámsins. Þeirri heimild beitti matsnefndin ekki og því stendur ákvörðun sóknaraðila um umfang eignarnámsins óbreytt. Matsnefndin hafi hins vegar ekki lagaheimild til að þrengja eignarnámsákvörðun.

Að lokum sé á það bent að í reynd snúist ágreiningur sóknaraðila við varnaraðila fyrst og fremst um það hvort greiða hafi átt bætur fyrir svæði undir núverandi vegi eða ekki en varnaraðilar hafi haldið því fram að þeir hafi aldrei fengið greitt fyrir vegsvæðið á sínum tíma. Matsnefnd eignarnámsbóta hafi tekið málið til úrskurðar eftir hefðbundna könnun á því hvort lagaskilyrði væru til eignarnámsins. Óumdeilt sé að landið allt hafi verið tekið eignarnámi og hafi varnaraðilar ekki borið því við að eignarnámsákvörðunin hafi verið ólögmat, ákvörðun hafi ekki verið kærð innan frests og hafi ekki verið borin undir dómstóla, auk þess sem eignarnámsbætur hafi verið greiddar að fullu. Af hálfu sóknaraðila sé eignarheimild hans skýr, eignayfirlýsing sé ótvíræð sem beri að þinglýsa, sbr. fyrirbyggjandi eignarnámsákvörðun sem tekin sé á grundvelli vegalaga.

*Skilyrði fyrir þinglýsingu uppfyllt:*

Með vísan til þess sem að framan sé rakið hafi engar forsendur verið fyrir Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu til að vísa frá þinglýsingu eignayfirlýsingu sóknaraðila, dags. 20. desember 2023, á grundvelli 1. másl. 2. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga. Með vísan til 1. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga sé ekkert því til fyrirstöðu að skjalinu verði þinglýst. Beri því að ógilda ákvörðun sýslumanns um frávisun skjalsins í samræmi við kröfur sóknaraðila.

Þar sem engar forsendur hafi verið til að vísa frá þinglýsingu eignayfirlýsingu sóknaraðila beri að taka til greina kröfu sóknaraðila um að Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu verði gert skylt að færa í þinglýsingabók eignayfirlýsingu sóknaraðila, dags. 20. desember 2023, fyrir 119.243 fm spildu Óttarsstaða vegstæðis, L235756 og F2527490.

*Málsástæður og lagarök varnaraðila.*

Varnaraðilar byggja kröfu sína á því að sóknaraðila skorti formlega heimild fyrir 17.070 fm er hann krefjist þinglýsingar á og þurfi að höfða einkamál til að fá viðurkenndan rétt sinn til þeirrar landspildu. Matsnefnd eignarnámsbóta hafi aðeins verið falið að meta eignarnámsbætur fyrir 102.173 fm en ekki 119.243 fm. Sóknaraðili hafi, um mánaðamótin mars/apríl 2023, greitt varnaraðilum eignarnámsbætur fyrir 102.173 fm. Í kjölfarið hafi sóknaraðili reynt að þinglýsa eignayfirlýsingu frá 31. maí 2023 vegna 119.243 fm. Hafi

Þinglýsingarstjóri vísað þeirri yfirlýsingu frá þinglýsingu réttilega þann 7. desember 2023 enda hafi sóknaraðili ekki lagt fram nein gögn um eignarheimild sína fyrir eldra vegsvæðinu.

Sóknaraðili hafi á ný reynt að þinglýsa eignayfirlýsingu þann 20. desember 2023 að allri spildunni sem hafi réttilega verið frávísað 5. janúar 2024 enda hafi sami ágalli og áður verið á máltilbúnaði sóknaraðila.

Varnaraðilar byggja á því að eignayfirlýsing sóknaraðila þurfi að byggja á frumskjali eða frumheimild nema ákvæði 24., 25. eða 3. mgr. 51. gr. þinglýsingalaga eigi við, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. sömu laga. Eignayfirlýsing sóknaraðila frá 20. desember 2023 styðjist við annars vegar eignarnámsákvörðun sóknaraðila frá 9. ágúst 2022 og hins vegar úrskurð matsnefndar eignarnámsbóta frá 2. mars 2023 í máli nr. 2/2022 en hvorugt teljist heimildarskjal að eldra vegsvæðinu í skilningi 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga.

Í skjölum sóknaraðila sé fullyrt að hann hafi átt eldra vegsvæðið áður en hann hafi tekið nýja vegsvæðið eignarnámi. Skjölin séu ekki frumheimild. Sóknaraðili geti ekki tekið eigin eign eignarnámi eins og hann virðist nú byggja á. Þá eigi frádráttarregla 4. mgr. 39. gr. vegalaga ekki við en eldra vegsvæði hafi ekki verið metið sérstaklega. Eftir standi þá aðeins hvort ákvæði 24., 25. eða 3. mgr. 51. gr. þinglýsingalaga eigi við í málinu.

Sóknaraðili hafi ekki framvísað þinglýstri heimild til ráðstöfunar samkvæmt eignayfirlýsingu né sé samþykki varnaraðila fyrir henni líkt og 1. mgr. 24. gr. þinglýsingalaga áskilji. Þá eigi önnur ákvæði 24. gr. bersýnilega ekki við né heldur 3. mgr. 51. gr. laganna. Þá byggir varnaraðili á að fyrir liggja að þinglýsingabók nefni sóknaraðila ekki sem eiganda eldra vegsvæðisins og eigi 1. mgr. 25. gr. þinglýsingalaga því ekki við né heldur önnur ákvæði greinarinnar. Þá girði ákvæði 2. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga fyrir að umræddri yfirlýsingu verði þinglýst.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu skilaði athugasemdum til dómsins þann 21. mars sl. Í athugasemdum hans segir að fyrir liggja í málinu að þinglýsingarstjóri hafi vísað frá þinglýsingu eignayfirlýsingu Vegagerðarinnar að 119.243 fm spildu (vegsvæði) úr landi Óttarsstaða, Óttarsstaðir vegstæði, L235756 og F2527490, sem tekin var eignarnámi með ákvörðun forstjóra Vegagerðarinnar, dags. 9. ágúst 2022. Fyrri eignaryfirlýsingunni, skjali með þinglýsingarnr. 441-E-005223/2023, hafi verið vísað frá þinglýsingu þann 7. desember 2023 en hinni síðari, skjali með þinglýsingarnr. 441-A-011350/2023, þann 5. janúar 2024. Frávísunin byggja á 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 þar sem ekki hafi verið talið til að dreifa eignarheimild fyrir eldra vegsvæði að stærð 17.070 fm. Útgefanda skjals hafi því brostið heimild til eignar á þann veg er skjalið greindi. Í úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta í máli nr. 2/2022, sem eignayfirlýsingin vísi til, hafi Vegagerðin tekið eignarnámi 102.173 fm landspildu. Óumdeilt sé að Vegagerðin telji sig eiganda að eldra vegsvæði.

Eins og málið hafi legið fyrir þinglýsingarstjóra hafi hins vegar vantað frekari gögn og skýra eignarheimild fyrir eldra vegsvæði svo þinglýsingarstjóri gæti þinglýst umræddri eignayfirlýsingu að stærð 119.243 fm en ekki 102.173 fm í samræmi við úrskurð matsnefndar eignarnámsbóta í máli nr. 2/2022.

Þinglýsingarstjóra beri að meta hvort formskilyrði laga séu fyrir hendi svo þinglýsa megi skjali en hann taki ekki afstöðu til efnisatvika að baki skjali. Uppfylli skjal formskilyrði þau er getið sé um í þinglýsingalögum beri þinglýsingarstjóra að færa skjal í þinglýsingabók, sbr. 1. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Þinglýsingarstjóri taki ekki efnislega afstöðu til mála heldur sé það dómstóla að fjalla um slík tilvik. Því hafi skjalinu verið vísað frá þinglýsingu skv. 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

#### Forsendur og niðurstaða.

Varnaraðilar eru sameigendur að jörðinni Óttarsstöðum, L220975, F2330701 í Hafnarfirði. Í gegnum það land liggur núverandi Reykjanesbraut.

Eins og rakið er að framan tilkynnti sóknaraðili varnaraðilum með bréfi þann 9. ágúst 2022 að 119.243 fm vegsvæði í landi Óttarsstaða hefði verið tekið eignarnámi með heimild í 37. gr. vegalaga nr. 80/2007.

Var matsnefnd eignarnámsbóta falið að meta bætur vegna eignarnáms sem fór fram í þágu breikkunar Reykjanesbrautar og við það mat var litið til þess að fyrir var áhrifasvæði vegna eldri þjóðvegarins. Liggur úrskurður matsnefndar, dags. 2. mars 2023, nr. 2/2022, fyrir í máli þessu og var hluti

gagna sem fylgdu eignayfirlýsingu sóknaraðila til þinglýsingar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu þann 6. júní 2023.

Í úrskurði matsnefndar kemur fram að matsandlagið samkvæmt matsbeiðni frá 10. ágúst 2022 sé 119.243 fm landspilda í landi Óttarsstaða undir Reykjanesbraut á milli vegstöðva 3400 og 4800, miðað við 60 metra breitt vegsvæði, þ.e. 30 metra frá miðlínu til hvorrar handar að frádregnu 17.070 fm vegsvæði eldri vegar eða samtals 102.173 fm. Einnig er tekið fram í úrskurðinum að matsnefndin hafi fallist á að lagaheimild væri til eignarnámsins í 37. gr. vegalaga, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 11/1973, og að árangurslaust hefði verið leitað sátta með aðilum um eignarnámsbætur, sbr. 1. másl. 7. gr. sömu laga.

Við vinnslu málsins, sem kemur fram í úrskurði matsnefndar, var það kannað sérstaklega hvort upplýst yrði frekar um atvik við lagningu Reykjanesbrautar um 1960 og töku lands í þágu þeirrar vegargerðar, þ.á m. hvort vitað væri hvort endurgjald hefði komið fyrir land undir veg. Varð niðurstaðan sú, í kjölfar athugasemda frá eignarnámsþolum, að ekkert væri vitað um þetta.

Krafðist eignarnemi, sóknaraðili þessa máls, þess að matsnefnd eignarnámsbóta mæti hæfilegar bætur til eigenda Óttarsstaða vegna eignarnáms á 119.243 fm spildu undir veg úr landi Óttarsstaða, sem eignarnemi hygðist taka undir framkvæmdir við breikkun Reykjanesbrautar að frádreginni 17.070 fm spildu lands núverandi vegar sem tilheyrði eignarnema. Samtals áttu því að koma bætur fyrir 102.173 fm spildu úr landi Óttarsstaða. Kemur fram að núverandi vegsvæði, samtals 17.070 fm, komi til frádráttar bótum fyrir matsandlagið en heildarstærð spildunnar, alls 119.243 fm, verði hins vegar skipt út úr jörðinni Óttarsstöðum í kjölfar eignarnámsins.

Í gögnum málsins liggur fyrir að ný lóð var stofnuð í fasteignaskrá úr landi 220975. Er þar skráð stofnun Óttarsstaða vegstæðis, stærð 119.234 fm úr landi Óttarsstaða, stærð 1360 hektarar af L220975 í fasteignaskrá sýslumanns 8. maí 2023. Þann 11. maí 2023 er skráð „Óttarsstaðir vegstæði (L235756) stærð 119243m<sup>2</sup>, stofnað úr Óttarsstaðir L220975, stærð fyrir 1360ha, stærð eftir 1348,1ha“. Þá er skráningin staðfest af fulltrúa sýslumanns 30. maí 2023.

Í 37. gr. vegalaga nr. 80/2007 er eignarnámsheimild Vegagerðarinnar.

Í 2. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms segir að matsnefnd eignarnámsbóta skeri úr ágreiningi um eignarnámsbætur og annað endurgjald, sem ákveða á samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Í bréfi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu þann 7. desember 2023 til lögmannsstofu sóknaraðila, er fyrra málinu var vísað frá þinglýsingu, segir að í ofangreindu matsmáli nr. 2/2022 komi fram að eignarnemi, Vegagerðin ohf., hafi tekið eignarnámi 102.173 fm landspildu og hafi bótafjárhæðin miðast við þá [fjárhæð] stærð. Með eignayfirlýsingunni sé hins vegar óskað þinglýsingar á landspildu að stærð 119.243 fm og sé þá meðtalið vegsvæði eldri vegar að stærð 17.070 fm sem eignarnemi telji að tilheyri sér.

Í niðurstöðum matsnefndar segir m.a. að um sé að ræða land undir Reykjanesbraut (41-15) á um 1.400 metra kafla, milli ca. stöðva 3400 og 4800, sbr. hnitsettan uppdrátt. Flatarmál landspildunnar sé alls 119.243 fm en vegsvæði núverandi vegar sem tilheyri eignarnema sé áætlað 17.070 fm. Beri því að meta bætur fyrir alls 102.173 fm. Af matsbeiðninni verði þannig helst ráðið að eignarnámið taki til 102.173 fm landspildu í landi jarðarinnar.

Þá kemur einnig fram í matsgerðinni að ágreiningur sé um stærð matsandlagsins. Eignarnemi telji sér til eignar vegsvæði eldri vegar og krefst þess að það verði dregið frá stærð matsandlagsins við útreikning bóta. Eignarnámsþolar telja hins vegar að eldra vegsvæði hafi aldrei verið tekið eignarnámi og að engar eignarnámsbætur hafi verið greiddar á sínum tíma.

Óumdeilt er að eignarnemi hafi tekið til umráða umþrætta 17.070 fm spildu sem nú er undir eldri vegi og hefur verið í nýtingu Vegagerðarinnar allt frá árinu 1960. Ekkert í gögnum málsins sýnir fram á að varnaraðilar hafi þá mótmælt þeim framkvæmdum og ekki fyrr en fyrir matsnefnd eignarnámsbóta á árinu 2023, eða rúmum 60 árum eftir að hið meinta eignarnám fór fram. Þá er ósannað hvort eignarnámsbætur hafi verið greiddar þegar vegurinn var lagður um land Óttarsstaða á árunum 1960–1965.

Þótt ekki njóti við þinglýstrar eignarheimildar fyrir 17.070 fm er ljóst að við nýtingu og umráð vegsvæðisins frá árinu 1960 færðist eignarrétturinn á spildunni yfir til sóknaraðila.

Þegar allt þetta er virt er ekki unnt að líta svo á að eignarnámið hafi aldrei farið fram þótt ósannað sé að greiðsla hafi verið innt af hendi.

Í 1. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga kemur fram að eftir að skjal hafi verið fært í dagbók skuli þinglýsingarstjóri sannreyna hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að skjalinu verði þinglýst.

Í 2. mgr. segir að vísa skuli skjali frá þinglýsingu ef útgefanda þess brestir heimild til eignar á þann veg er skjalið greini, sbr. þó 24., 25. og 3. mgr. 51. gr.

Í tilskipun frá 18. mars 1861 um vegina á Íslandi var eignarnám heimilað gegn sanngjörnum bótum. Með lögum nr. 25/1897 var landeigandi skyldur til að leyfa endurgjaldslaust að vegur væri gerður um land hans en áttu bætur að koma fyrir. Með lögum nr. 8/1894, lögum nr. 57/1907, vegalögum nr. 41/1924, vegalögum nr. 34/1947 og vegalögum nr. 71/1963 var eignarnám undir vegi heimilt.

Þinglýsingalög nr. 39/1978 tóku gildi 1. janúar 1979, um 19 árum eftir að sóknaraðili fékk full umráð yfir Reykjanesbraut eins og áður segir. Ekkert liggur fyrir um hvernig þinglýsingu á eignarnámi var háttað fyrir gildi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Í 3. mgr. 40. gr. vegalaga segir að eignarheimild að vegsvæði verði þinglýst og skráð í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga og laga um skráningu og mat fasteigna með sama hætti og eignarheimildir að öðrum fasteignum.

Í 1. mgr. 51. gr. þinglýsingalaga segir m.a. að nú sé stofnað að fullu fyrir gildistöku laganna til réttinda yfir fasteign og hefðu réttindin haldið gildi sínu gagnvart þriðja manni án þinglýsingar eftir eldra rétti og séu þau þá einnig gild með sama hætti framvegis.

Samkvæmt þessu verður að líta svo á að landspilda, 17.070 fm sem er eldra vegsvæði undir Reykjanesbraut og sóknaraðili fékk umráð yfir á árinu 1960, sé í eigu sóknaraðila. Breytir þar engu um hvort eignarnámsbætur hafi verið greiddar fyrir hana á þeim tíma eða ekki. Þá eru engin gögn um að krafið hafi verið um eignarnámsbætur á sínum tíma.

Í 2. mgr. 40. gr. vegalaga nr. 80/2007 segir að bóta fyrir tjón sem veghald leiðir af sér skuli krefjast innan árs frá því að verki lauk eða frá því að skaði kom í ljós, ella falli réttur til skaðabóta niður. Slíkar kröfur fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum frá því að verki lauk.

Í bréfi sóknaraðila til lögmanns varnaraðila, dags. 9. ágúst 2022, kemur fram að sóknaraðili hafi ákveðið að taka eignarnámi 119.243 fm lands undir veg úr landi Óttarsstaða eins og boðað hafi verið og nánar greini í matsbeiðni og fylgigögnum, sem send verði matsnefnd eignarnámsbóta til meðferðar. Taldi sóknaraðili sig löglegan eiganda að 12 metra breiðu vegsvæði núverandi vegar á grundvelli vegalaga og langvarandi úrskurða- og dómaframkvæmdar. Þar sé um að ræða 17.070 fm sem sé núverandi vegstæði og eigi að koma til frádráttar eignarnámsbótum. Var ákvörðun þessi ekki kærð til innviðaráðherra á grundvelli 57. gr. vegalaga nr. 80/2007.

Eins og rakið er að framan er engum vafa undirorpið að eldra vegsvæði undir Reykjanesbraut, 17.070 fm, sé og hafi verið í eigu sóknaraðila í áratugi. Engu breytir þar um þótt eignarnámsbætur hafi ekki verið greiddar á sínum tíma en sú krafa er fyrnd í dag.

Þó svo að eignarnám sóknaraðila beinist nú að 119.243 fm sem innifela einnig 17.070 fm sem teknir voru eignarnámi á árunum 1960–1965 telur dómurinn að 1. mgr. 51. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 girði ekki fyrir það að slíkri heimild verði þinglýst eftir gildistöku laganna. Engu breytir þar um hvort eignarnámsbætur hafi verið greiddar fyrir eður ei.

Því ber þinglýsingarstjóra að þinglýsa eignayfirlýsingu sem bæði inniheldur eignarnám á 102.173 fm og 17.070 fm eða samtals 119.243 fm. Rétt þykir að varnaraðilar greiði sóknaraðila 300.000 krónur í málskostnað.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð.

#### Úrskurðarorð:

Felld er úr gildi ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu frá 5. janúar 2024 um að vísa frá þinglýsingu eignayfirlýsingu sóknaraðila, dags. 20. desember 2023, er varðar landspildu í landi Óttarsstaða, L235756 og F2527490 að stærð 119.243 fm, skjal 441-A-011350/2023.

Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu er skylt að færa í þinglýsingabók eignayfirlýsingu sóknaraðila, dags. 20. desember 2023, fyrir 119.243 fm spildu úr landi Óttarsstaða með staðfanginu „Óttarsstaðir vegstæði“, L235756 og F2527490.

Varnaraðilar, Markús Sigurðsson, Ragnar Sigurðsson, Styrmir Sigurðsson, Fjöl ehf., Gréta Elín Sörensen, Sína Þorleif Þórðardóttir, Leifur Sörensen, Birgir Sörensen og Straumsbúið sf., greiði in solidum sóknaraðila, Vegagerðinni, 300.000 krónur í málskostnað.

Kröfum varnaraðila er hafnað.